

Nd.

631. Frumvarp til laga

[297. mál]

um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að Stóra-Ármóti.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að semja við stjórn Búnaðarsambands Suðurlands um sameiginlegan rekstur tilraunastöðvar að Stóra-Ármóti í Flóa.

2. gr.

Aðalviðfangsefni tilraunastöðvarinnar skal vera alhliða tilraunastarfsemi í nautgriparækt með aðaláherslu á fóðrun og meðferð gripa, en auk þess sinni hún verkefnum á sviði annarra búgreina, eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni.

3. gr.

Tilraunastarfsemin verði rekin innan sviðs landbúnaðarrannsókna á Íslandi skv. lögum nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

4. gr.

Þátttaka ríkissjóðs í kostnaði við mannvirkjagerð og rekstur ákvarðast af fjárveitingu hverju sinni.

5. gr.

Við tilraunastöðina starfi sérfræðingur í fóðurfræði og rannsóknamaður, ráðnir af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, en launaðir af ríkissjóði. Auk þess skulu sérfræðingar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og ráðunautar Búnaðarsambands Suðurlands hafa aðstoðu til rannsókna á tilraunastöðinni, eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni samkvæmt mati stjórnar tilraunastöðvarinnar.

6. gr.

Tilraunastöðin starfar undir yfirstjórn þriggja manna, og skal hún skipuð þannig: Einn maður tilnefndur af Búnaðarsambandi Suðurlands, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og starfandi bóndi á svæði Búnaðarsambands Suðurlands, tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

Ráðherra skipar stjórn og stjórnarformann til 4ra ára í senn.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina vaknaði mikill áhugi fyrir tilraunastarfsemi í nautgriparækt, sérstaklega í helstu nautgriparæktarhéruðum landsins. Bændur á Suðurlandi gerðu á þessum árum ýmsar samþykktir og sendu áskoranir til félagssamtaka bænda og ríkisvaldsins um stofnun tilraunastöðvar í nautgriparækt á Suðurlandi, en þar hlýtu aðalstöðvar mjólkurframleiðslunnar að verða um ókomin ár.

Um þetta leyti höfðu verið reistar tilraunastöðvar í jarðrækt í öllum landsfjórðungum og tilraunastöð í sauðfjarrækt í Borgarfirði, en sennilega hefur það verið vegna þess hve mikill búskapur hlaut að fylgja tilraunastöð í nautgriparækt, að hikað var við að koma henni á fót, enda spurning hvort slík tilraunastöð yrði ekki betur rekin og á ódýrari hátt með því að búnaðarsambönd önnuðust sjálfan búreksturinn.

Árið 1952 tókst Búnaðarsambandi Suðurlands að fá jörðina Laugardæli í Hraungerðishreppi leigða til 25 ára og stofnaði þar tilraunastöð í nautgriparækt. Kaupfélag Árnesinga átti jörðina og hafði rekið þar bú í 15 ár, en þetta vor seldi það Búnaðarsambandinu hústofn og lausafjármuni alla og leigði því jörðina á hagstæðum kjörum til starfrækslu tilraunastöðvar í nautgriparækt.

Páll Zóphóniasson, búnaðarmálastjóri og fv. nautgriparæktarráðunautur, gekkst fyrir því að ríkissjóður styrkti þessa stofnun með árlegu framlagi, en það gerði Búnaðarsambandinu kleift að hefja nauðsynlegar framkvæmdir í Laugardælum, en tilraunastöðinni var þá þegar ætlað fjölþætt hlutverk, sérstaklega á sviði nautgriparæktar og mjólkurframleiðslu en auk þess hafa þar verið tekin til meðferðar fáein verkefni á sviði sauðfjarræktar.

Á þeim 28 árum, sem tilraunastöðin hefur starfað í Laugardælum, hafa tilraunaverkefnið verið fjölmörg og hafa nokkur þeirra verið til meðferðar árum saman. Hér skulu talin helstu tilraunaverkefni og er þá fylgt nokkurn veginn rétttri tímaröð:

1. Afkvæmarannsóknir á nautum.
2. Tilhögun heitar og áburðargjafar á ræktað land fyrir mjólkurkúr.
3. Sumarheit lambáa á ræktað land.
4. Samanburður á vaxtarhraða og kjöttgæðum unguneyta af íslenskum stofni og blendinga af Gallowaystofni.
5. Fóðurtilraunir á kálfum til lífs og til slátrunar.
6. Tilraunir með mismikla votheysgiðf til mjólkurkúna í lágri eða hárrí nyt.
7. Könnun á kjarnfóðurgildi grasmjóls og grasköggla.
8. Rannsóknir á gildi þess að blanda dýrafitu í grasköggla.
9. Rannsóknir á átgetu mjólkurkúna á heyi með mismikilli kjarnfóðurgjöf.
10. Samanburður á afurðagetu mjólkurkúna, sem fóðraðar eru á snemmslegnu og síðslegnu heyi.

Strax á fyrstu árum tilraunastöðvarinnar í Laugardælum var leitað samstarfs um verkefna- og framkvæmd tilrauna við Tilraunaráð búfjarræktar, sem þá var sú stofnun, sem fór með þessu mál í umboði ríkisins. Auk þeirrar aðstoðar voru margar þessara tilrauna kostaðar að verulegu leyti af Tilraunaráði og síðar af Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Þetta samstarf hefur svo aukist eftir að Rannsóknastofnun landbúnaðarins tók til starfa. Þannig var það að jafnaði svo fyrstu árin, að eftirlitsmenn tilrauna voru aðeins tíma og tíma á tilraunastöðinni, en s. l. 6 ár hefur RALA haft fastan tilraunaeftirlitsmann í Laugardælum og auk þess hefur sérfræðingur frá stofnuninni komið þar vikulega.

Fullyrða má að samstarfið hafi gengið ágætlega, en þó hefur hin opinbera aðstoð lengst af verið stopul og óviss þangað til nú, að fastari skipan er að komast á í þessum málum.

Í Laugardælum er að mörgu leyti orðin góð aðstaða til að gera tilraunir í nautgriparékt. svo sem hús fyrir margt búfé og fóður, mikil tún, gott haglendi, ásamt fjórum íbúðarhúsum fyrir starfsfólk búsins. Margar eru þessar byggingar þó gamlar og sumar óhentugar, sérstaklega þegar horft er til framtíðarinnar.

Búnaðarsamband Suðurlands hefur undanfarin ár verið að reyna að kaupa jörðina Laugardæli, en ekki hefur tekist að fá hana keypta á verði, sem teldist viðráðanlegt fyrir Búnaðarsambandið. Hins vegar hefur Búnaðarsambandið jörðina nú á leigusamningi til 5 ára og líklegt er að sá samningur fái st. framlengdur.

Á s. l. vori gerðist svo það. að Búnaðarsambandinu var gefin jörðin Stóra-Ármót í Hraungerðishreppi fyrir tilraunastarfsemi Búnaðarsambandsins. Jörðin, sem á landamerki að Laugardælalandi, er gamalt höfuðból með mikla landkosti og hlunnindi. Er jörðin álíka landmikil og Laugardælir eða um 700 ha., en er fremur illa húsud og ræktað land lítið.

Nú er fyrirhugað að flytja starfsemi tilraunastöðvarinnar í áföngum frá Laugardælum að Stóra-Ármóti. Best væri og kostnaðarminnst, að sá flutningur tæki að minnsta kosti 10 ár og á því tímabili yrðu jarðirnar reknar í sameiningu fyrir tilraunastarfsemi í landbúnaði.

Með frv. þessu er gert ráð fyrir að tryggja áframhald þess samstarfs, sem verið hefur milli RALA og Búnaðarsambands Suðurlands rúman aldarfjórðung, sem jafnframt auðveldar markvissa uppbyggingu að Stóra-Ármóti í þágu tilrauna á sviði landbúnaðar.

Það hefur sýnt sig, að með slíku samstarfi tengjast störf sérfræðinga RALA traustari höndum við landbúnað en á annan hátt og um leið aukast tengsl milli bænda og félagsskapar þeirra við Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Ástæða er til að ætla, að það samstarf, sem hér er stefnt að um rekstur tilraunastöðvar milli RALA og Búnaðarsambands Suðurlands, sé hagkvæm leið til að efla rannsóknastarfsemi landbúnaðarins í næstu framtíð. Byggist það m. a. á því, að slíkur rekstur er hagkvæmari fjárhagslega fyrir ríkissjóð heldur en ef rekstur tilraunastöðvar er að öllu leyti á hans kostnað.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.—4. grein.

Skýra sig sjálfar.

Um 5. grein.

Greinin gerir ráð fyrir að við tilraunastöðina starfi sérfræðingur og rannsóknamaður, launaðir af ríkissjóði. Verður þannig áframhald á fyrirkomulagi, sem hófst 1. janúar 1980. er fastráðinn sérfræðingur hóf störf við tilraunastöðina, auk rannsóknamanns, sem starfaði þar fyrir. Áður höfðu sérfræðingar RALA á Keldnaholti sinnt því starfi.

Gert er ráð fyrir því að Búnaðarsamband Suðurlands fjármagni byggingu tilraunastöðvarinnar á Stóra-Ármóti með sölu eigna sinna að Laugardælum.

Um 6.—7. gr.

Skýra sig sjálfar.